

Hér með gera Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449 og Golfklúbburinn Leynir, kt. 580169-6869, með sér eftirfarandi

SAMNING

UM REKSTUR GARÐAVALLAR

1.gr.

Garðavöllur er í landi Akraneskaupstaðar og afmarkast samkvæmt meðfylgjandi deiliskipulagskorti, sem er fylgiskjal samnings þessa. Golfklúbburinn Leynir hefur fengið landi úthlutað til reksturs golfvallar samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Akraness. Framkvæmdir samkvæmt framkvæmdasamningum, dags. 15. apríl 1994, 27. ágúst 1997 og 27. október 2005 eru sameign Akraneskaupstaðar og Golfklúbbsins Leynis og á Akraneskaupstaður 80% og Golfklúbburinn Leynir 20%. Eldri framkvæmdir á golfvellingnum eru eign golfklúbbsins.

2.gr.

Golfklúbburinn Leynir annast á eigin ábyrgð rekstur golfvallarins að Görðum hverju nafni sem nefnist. Í því felst m.a. allur daglegur rekstur fasteigna, véla, sláttur og venjuleg hirðing golfbrauta svo og viðhald ræktunar annarra svæða innan vallarmarkanna. Þá er innifalið í samning þessum eðlilegar aðgerðir til þurrkunar svæða innan vallarmarkanna. Meiriháttar framræsluáðgerðir og hreinsun skurða vegna framræslu falla ekki innan samningsins en eru háðar fjárveitingum Akraneskaupstaðar til þeirra verkefna hverju sinni og annað sem tilheyrir rekstri golfvallar og fer skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar með umsjón og framkvæmd þeirra mála. Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar mun veita Golfklúbbum Leyni tæknilega aðstoð eftir því sem unnt er varðandi rekstur og framkvæmdir á Garðavelli. Allar tekjur af notkun vallarins skulu renna til Golfklúbbsins Leynis.

3.gr.

Akraneskaupstaður leggur Golfklúbbum Leyni til árlega framlag til reksturs golfvallar að fjárhæð kr. 16.100.000.- Fjárhæðin greiðist 1. maí ár hvert og miðast við neysluverðsvísitölu til verðtryggingar í maí mánuði 2019 sem er 465,3 stig og tekur breytingum samkvæmt henni í janúar ár hvert meðan samningur þessi gildir. Sérstakir rekstrarstyrkir Akraneskaupstaðar til félaga vegna þjálfunar og annarrar starfsemi sbr. samning við Íþróttabandalag Akraness frá í maí 2005, eru veittir Golfklúbbum Leyni óháð samningi þessum.

4.gr.

Akraneskaupstaður mun liðsinna Golfklúbbum Leyni eftir því sem kostur er varðandi gróðursetningu á golfvellingnum auk þess sem Akraneskaupstaður er reiðubúinn til að leggja golfklúbbum til nemendur Vinnuskóla Akraness þann tíma sumars sem hann starfar vegna verkefna á vegum Golfklúbbsins Leynis. Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar og yfirverkstjóri Vinnuskóla Akraness skulu ákveða umfang þess vinnuframlags ár hvert að fenginni beiðni Golfklúbbsins Leynis.

5.gr.

Golfklúbburinn Leynir er reiðubúinn til að annast án endurgjalds, í eina viku á ári golfkennslu fyrir a.m.k. einn árgang grunnskólanna og leikskólanna ef leitað verður eftir slíku.

Golfklúbburinn Leynir mun með áberandi hætti setja upp við Frístundamiðstöðina merki Akraneskaupstaðar, annað hvort með skilti eða fána.

6.gr.

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2019 til og með 31. desember 2021 og framlengist óbreyttur til þriggja ára í senn, hafi honum ekki verið sagt upp af öðrum hvorum samningsaðila með sex mánaða fyrirvara.

Fyrri rekstrarsamningur samningsaðila frá 28. október 2005 fellur úr gildi við gildistöku þessa samnings.

Akranesi, 11. maí 2019

Með fyrirvara um samþykki
bæjarráðs og bæjarstjórnar
Akraness

Með fyrirvara um samþykki
stjórnar

F.h. Akraneskaupstaðar:

F.h. Golfklúbbsins Leynis:

Sævar Freyr Þráinsson,
bæjarstjóri
